



Fundur í sveitarstjórn

83. fundur, aukafundur, sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, þriðjudaginn 23. maí 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Aðalbjörn Arnarsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Halldór Rúnar Stefánsson tók sæti Þorsteins Ægis undir lið 1.1.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir tveimur nýjum liðum á dagskrá, Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, fyrri umræða, sem verði númer 7 og samningur um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla – Drög til kynningar sem verði númer 8 á dagskrá. Númer annarra liða breytast ekki.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tók Elías Pétursson.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Breytingar á kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna
- 2) Brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð
- 3) Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna urðunarsvæðis við Bakkafjörð
- 4) Varmadæluvæðing Langanesvegar 16, 18 og 20
- 5) Viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra
- 6) Leikskóli nýbygging – verksamningur
- 7) Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, fyrri umræða
- 8) Samningur um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla – Drög til kynningar

Fundargerð

1. Breytingar á kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018



1.1. Lagt fram bréf frá Þjóðskrá vegna breytingar á kjörskrá, dags. 14. maí sl. Skv. mati Þjóðskrár telst beiðni Elíasar Mikaelssonar Vagns Siggeirssonar búsettum að Motgángen 305 í Gautaborg í Svíþjóð, fullnægjandi vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí nk.

Þorsteinn Ægir Egilsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls.

Þorsteinn vék af fundi og Reynir Atli tók við stjórn fundarins.

Vanhæfi Þorsteins samþykkt.

Halldór Rúnar Stefánsson tók sæti Þorsteins á fundinum.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir tók aftur við stjórn fundarins og Halldór vék af fundi.

1.2. Lögð fram beiðni frá Söru Stefánsdóttur og Árna Sigurðssyni, Lækjarvegi 6 á Þórshöfn, um að þau verði tekin inn á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí nk. Fyrir liggur staðfesting Þjóðskrár um að þau hafi flutt lögheimili sitt 17. maí sl. á Þórshöfn.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða beiðni.

Samþykkt samhljóða.

2. Brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð

Lögð fram til kynningar.

3. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna urðunarsvæðis við Bakkafjörð

Lögð fram til kynningar.

4. Varmadæluvæðing Langanesvegar 16, 18 og 20

Fram eru lögð minnisblöð sveitarstjóra og drög að útboðsgögnum vegna varmadæluvæðingar íþróttamiðstöðvar, félagsheimilis og grunnskóla. Lagt er til að sveitarstjóra verði heimilað að ljúka gerð útboðsgagna og bjóða verkið út.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ljúka gerð útboðsgagna og leita tilboða í verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

5. Viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra

Sveitarstjóri óskaði eftir að víkja af fundi undir þessum lið.



Oddviti lagði fram viðauka við ráðningarsamning sveitarstjóra, efni viðaukans er breytt útfærsla á skilgreiningu 1. málslíðar 2. gr. gildandi ráðningarsamnings.

Karl Ásberg Steinsson bað um fundarhlé kl.17:10. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:12.

Til máls tóku Karl Ásberg Steinsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson.

Karl Ásberg Steinsson lagði til, fyrir hönd U-lista, að biðlaunaréttur yrði þrjár mánuðir, ekki fjórir. Annað í samningi yrði óbreytt.

Oddviti tók fundarhlé kl. 17:16.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:19.

Tillaga U-lista borin upp til afgreiðslu: Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn fjórum: Huldu Kristínar Baldursdóttur, Þorsteins Vilbergs Þórirssonar, Reynis Atla Jónssonar og Þorsteins Ægis Egilssonar.

Bókun um afgreiðslu: Oddvita falið að undirrita viðaukann.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Steinunnar og Aðalbjörns. Karl Ásberg sat hjá.

Elías Pétursson tók sæti að nýju á fundinum.

6. Leikskóli nýbygging – verksamningur

Fram eru lögð drög að verksamningi við MVA ehf. vegna byggingar leikskóla á Þórshöfn. Drögin eru unnin í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar á 81. fundi sveitarstjórnar.

Til máls tóku Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að undirrita drögin og vinna aðra þætti málsins áfram.

Samþykkt samhljóða.

Karl Ásberg Steinsson tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: U-listinn samþykkir fyrirbyggjandi verksamning en með fyrirvara um nánari skoðun því okkur barst verksamningur og útboðsgögn með stuttum fyrirvara.

Til máls tók Elías Pétursson.

7. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, fyrri umræða

Fram er lagður til fyrri umræðu samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, samningurinn er á milli sveitarfélaganna Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Langanesbyggðar, Svalbarðshrepps og Tjörneshrepps.



Framlagður samningur er gerður á grundvelli 96.gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 á grundvelli samstöðu og samábyrgðar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Samningurinn tekur til almennrar félagslegrar þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu nr. 40/1991 með síðari breytingum, þjónustu við fatlað fólk sbr. 4.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks (Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 1. október 2018) og barnaverndarstarfs á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum.

Samningurinn mun ekki öðlast gildi án samþykkis allra sveitarstjórna og staðfestingu velferðarráðuneytisins sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög og vísar þeim til annarrar umræðu.

Samþykkt samhljóða.

8. Samningur um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla – Drög til kynningar

Fram eru lögð drög að samningi þar sem Langanesbyggð, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur sem eru aðilar að samningnum munu með vísan í 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, samþykkja og fela sveitarfélaginu Norðurþingi að annast fyrir sig afmörkuð verkefni á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. með samningnum vilja sveitarfélögin festa í sessi samvinnu sín á milli sem hefur það að markmiði að veita íbúum og nánar tilgreindum stofnunum sveitarfélaganna þjónustu á sviði skólamála.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn vísar samningnum til umfjöllunar í fræðslunefnd.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:42.